

Nd.

764. Frumvarp til laga

[217. mál]

um breyting á lögum nr. 29 29. apríl 1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 23 22. apríl 1967, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. maí.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa, svo og starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, starfsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og starfsmenn aðildarfélaga bandalagsins ásamt starfsfólki sparisjóða, samnorrænna stofnana og uppeldis- og heilbrigðisstofnana, sem reknar eru af sjálfstæðum styrktar- eða líknarfélögum, enda séu uppfyllt skilyrði 3. gr. I. a. um ráðningartíma og aðalstarf.

2. gr.

1. málslíður 2. málsg. 14. gr. laganna orðist svo:

Upphæð makalífeyris er hundraðshluti af launum þeim, sem á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. skulu þó taka gildi 1. janúar 1973.